

Fundur 24.11.2025 Ólafur Gunnar Daníelsson

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur frá stjórnusambandsstöð og er hér frá mörgu að segja og finnst mér eins og erfitt sé að ná tökum á sambandinu og tala til ykkar, en ég ætla að reyna samt og hefur mér tekist það áður.

Hin persónulegu samskipti eru mikilvæg og æskuminningarnar og þegar maður er ungur finnst manni eins og allt sé mögulegt og enginn sé endirinn og jörðin gamla er manni allur sá heimur sem maður þarfnast og manns nánasta umhverfi og persónuleg samskipti við fjölskylduna óendanlega dýrmæt.

En þegar hingað er komið lærir maður að maður er hluti af stórri keðju, og hef ég hér í framlífi lært að nota hæfileika mína og afar mínir báðir kennt mér að fara ekki fram úr mér og hólfa viðfangsefni mín niður og fást við eitt í einu, og er ég strax farinn að fást við svo margt hér í framlífi að afi hefur margsinnis sagt mér að hægja á mér og hefur mér tekist það.

En hefur það glatt mig mjög að geta orðið öðrum að liði og vildi ég sérstaklega tala við það, tala um það við ykkur í kvöld, og vona ég að ég treysti mér betur þegar móðir mín er viðstödd.

Og ætla ég að fjalla hér um samtökin sem hér eru á þessum hnetti og eru þau af margvíslegum toga, bæði þau sem ég tek þátt í með mönnum sem tóku eigið líf eða gátu ekki klárað ævistarf sitt á jörðinni og einnig þeir sem þurfa að takast á við fíknina af báðum kynjum, stelpur og strákar, konur og karlar, og hefur það glatt mig sérstaklega að hafa orðið að liði.

Og eru hér fróðlegir fundir um það hvað orsaki þessa fíkn og hvernig unnt sé að hjálpa ykkur ekki síður en okkur að stöðva þessa framrás andláta og fíkniefna neyslu og kaupa, en eru hér margar móttökustöðvar fyrir okkur sem lentum í slíku.

Og góð eftirfylgni til þess að forðast að illa fari, hvort sem það er að lenda aftur í vímunni eða það að lenda í félagsskap sem miður æskilegur er, og þekkist einnig í hinum stærri löndum að óheppileg stilliáhrif valdi því að fólk leiðist á glapstigu í vímuefnum, og er það stórt og mikið verkefni að hjálpa þeim áður en að flutningnum kemur hingað.

Hefur afi mikið talað um það og lært um það, biður hann að heilsa ykkur,

*Já takk.*

Og er óþreyjufullur að komast í sambandið. Mér finnst erfitt að koma með minningar mínar í gegnum miðil, en þær eru svo margar og dýrmætt að finna fyrir mömmu meðal ykkar og vera viðstaddur fundina.

Og vil ég senda þeim öllum mínar bestu kveðjur og gleðst yfir bróður mínum og hans fjölskyldu.

Mér tekst ekki að lýsa þessu nákæmlega, ég vildi tala um móttökustöðina fyrir fólkið sem ég er að reyna að hjálpa, fíklana, en ég hef ekki unnið nógu lengi í þessu til að útskýra þetta alveg nógu vel.

En það er hér annað fólk sem vildi tala um það, Gulli biður að heilsa.

*Ég bið að heilsa honum.*

Ég verð að hætta núna, ég

*Er ekki allt gott að fréttu af Hjalta sem kom með þér í sambandið í vor.*

Já, það er að komast allt í lag með það.

*Já takk fyrir.*

Ólafur Gunnar Daníelsson.

*Já mig grunaði það.*

Já þið þekkið mig.

*Já já.*

Já gott,

*Mamma þín biður örugglega að heilsa þér eins og þú veist.*

Já, ég hef margt að fást við og mér finnst mjög gott að finna fyrir henni og hugsa mikið til ykkar og mér gengur vel, mér líður vel hérna og hef ekki lent í neinum vandamálum.

En ég verð að kveðja núna, verið þið sæl og takk fyrir og blessuð.

*Já blessaður.*

Já takk bless.